

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2018, fimmtudaginn 7. maí, var haldinn 165. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11:30 Viðstödd voru: Teitur Atlason, Örn Þórðarson, Börkur Gunnarsson og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um umsóknir sem borist hafa vegna verkefnisins Hverfið mitt.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hagatorgið er einstakt. Það eru skiptar skoðanir um breytingar á því og ekki það mikill fjöldi sem samþykkti þessa hugmynd. Þess vegna er mikilvægt að áður en endanleg útfærsla kemur til framkvæmda að fram fari kynning og leitast verði eftir skoðunum íbúa. Samráðið verður að vera gott við íbúa um breytingar á svona stóru kennileiti í Vesturbænum sem samkvæmt arkitektum er einstakt.

2. Lagt fram yfirlit yfir umsóknir sem bárust í Hverfasjóð Reykjavíkurborgar. Samþykkt að styrkja Maríu Arnardóttur að fjárhæð 400.000 fyrir verkefnið Meta/morphē sviðslist, þáttökulist, innsetning, tilraunatónlist og endurvinnsluverkefni. Samþykkt að styrkja JCI Esju að fjárhæð 260.000 kr. fyrir verkefnið Leggur og skel. Samþykkt að styrkja Skátafélagið Ægisbúa að fjárhæð 150.000, fyrir verkefnið að kynnast hverfinu sínu. Samþykkt að styrkja notendaráð að Aflagranda 40 að fjárhæð 950.000 kr. vegna þjálfarakostnaðar fyrir leikfimi eldri borgara í KR heimilinu
3. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjóra, dagsett 12.04.2018, vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðismanna í hverfisráði Vesturbæjar, sbr. 5. lið fundargerðar hverfisráðs Vesturbæjar frá 8. febrúar 2018.

**Fundi slitið kl. 12:02**

Teitur Atlason

Örn Þórðarson

Börkur Gunnarsson